

STARFSREGLUR

um þjálfun djáknaefna nr. 843/2003, sbr. starfsrgl. nr. 1051/2018.

1. gr.

■ Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun djáknaefna og setur nánari fyrirmæli um innihald hennar. Starfsþjálfunarnefnd djáknaefna, skipuð af biskupi til fjögurra ára, annast um framkvæmd starfsþjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

2. gr.

■ Starfsþjálfunin skal tryggja að djáknaefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem þjónandi djákni þjóðkirkjunnar.

3. gr.

■ Heimilt er hverju djáknaefni, sem hyggur á kirkjulegt starf að loknu námi, að sækja um starfsþjálfun hjá þjóðkirkjunni. Starfsþjálfunarnefnd setur nánari reglur um skilyrði og lágmarkskröfur sem gera skal um starfsþjálfun.

4. gr.

■ Djáknaefni skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma. Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

5. gr.

■ Starfsþjálfunarnefnd skal eftir nánari fyrirmælum biskups veita biskupi umsögn um djáknaefni. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé fær um að gegna starfi djákna. Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að hann sé hæfur til að taka djáknavígslu.

6. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem eru settar á grundvelli 47. gr. og 59. gr. laga um stöð-u, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004. Frá sama tíma falla brott ákvæði 9. gr. og 10. gr. starfsreglna um djákna nr. 738/1998.

□ 11. gr. þeirra starfsreglna verður 9. gr. og 12. gr. verður 10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

[...]¹⁾

¹⁾ Starfsrgl. 1051/2018, 18. gr.